

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

JÚNÍ 2016



6. tbl. 19. árg.

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

Slökkvitækjaþjónustan
564 1433
Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur
Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!

græn heilsa
heilsuverslun

lifestream
hreinn lífræn næring

Ægisíða 121 | /grænheilsa

Nýtt merki Melaskóla

Nýlega var tilkynnt um sigurvegara í hugmyndasamkeppni um merki Melaskóla. Blær Guðmundsdóttir og Magnús Valur Pálsson hafa unnið að þessu verkefni í nokkra mánuði og var það kynnt fyrir öllum nemendum skólans.

Í dómnefnd með þeim voru Guðmundur Ingólfsson ljósmyndari, Friðrik Erlingsson rit höfundur og grafískur hönnuður, Sveinn Bjarki Tómasson, Þóra Lovísa Friðleifsdóttir og Ástríður Guðmundsdóttir sem öll eru kennarar við skólann. Alls bárust um 300 tillögur og því ekki vandalaust að velja þrjú bestu. Sigurvegararnir þrír, eru Hjalti Kristinn Kristjánsson, Maron Fannar Aðalsteinsson og Júlía Guðmundsdóttir Gaehwiller.



Hjalti Kristinn Kristjánsson, Maron Fannar Aðalsteinsson og Júlía Guðmundsdóttir Gaehwiller hluti verðlaun fyrir hugmyndir að nýju merki Melaskóla. Á myndinni eru þau Hjalti Kristinn, Marion Fannar og Júlía með verðlaunin sín.

PANTAÐU Á DOMINOS.IS

DOMINO'S APP | SÍMI 58 12345

RÉTTSKIL
BÓKHALDSSKRIFSTOFA

Ársreikningar Skattframtöl
Launaútreikningar o.fl.

Sími: 6600583 • 6966714
Rettskil.is

Leikvellir fá margar ábendingar

Betri leikvellir fá margar ábendingar úr Vesturbænum í hugmyndasöfnuninni Hverfið mitt á Betri Reykjavík sem nú er nýlökkið. Margir lögðu til að koma ætti upp fleiri leiktækjum á völdum leikvöllum og einnig á að auka lýsingu þeirra.

Þá var lagt til að leggja gangstétt með fram KR-vellinum norðaustanmegin og að gróðursetja og búa til setaðstöðu á horni Hagamels og Kaplaskjólsvegar ásamt fleiri áhugaverðum verkefnum. Tæpar 56 milljónir króna koma í hlut Vesturbæjarins vegna nýframkvæmda og viðhaldsverkefna á vegum Betri Reykjavík að þessu sinni. Yfir 700 hugmyndir skiluðu sér á Hverfið mitt eins og hugmyndasöfnunin heitir á Betri Reykjavík sem er umtalsverð fjölgun frá síðasta ári. Alls er áætlað að verja 450 milljónum króna til verkefna á vegum Betri Reykjavíkur á þessu ári.



Leikvöllur við Melhaga í Vesturbænum. Vesturbæingar vilja fleiri leiktækni á leikvöllina og betri lýsingu.

FUNDID FÉ

Nýr miði Prófaðu!

HAPPA PRENNAN

Skemmtilegt að skafal



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Sumartilboð!



Gleðilega þjóðhátíð, 17. júní
ÁFRAM ÍSLAND!

Lambaprime úr kjötborði kr 3298 kg
Nauta rib-eye úr kjötborði kr 4298 kg

Melabúðin
þín verslun

Sími 551-0224

Ísfugls kjúklingabringur
20% afsláttur

Tilboð gilda frá miðvikudegi til sunnudags
16. - 19. júní - meðan birgðir endast...



Íslensk
Jarðarber
útsöluverð kr 599 askjan

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

6. tbl. 19. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107 og 101.

S T U T T A R

B O R G A R F R É T T I R

Um 20% færri fá fjárhagsaðstoð

Notendum fjárhagsaðstoðar til framfærslu fækkaði á fyrstu þremur mánuðum þessa árs um tæp 24% samanborið við árið í fyrra, eða úr 1924 í 1469 manns. Heildarútgjöld Reykjavíkurborgar til fjárhagsaðstoðar lækkuðu um ríflega 20% vegna fækkunarinnar. Á síðustu árum hefur verið gripið til fjölbreytilegra ráðstafana til að auka þjónustu við þá sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu, einkum þá sem eru atvinnulausir eða sjúklingar. Ráðstafanir þessar eru ýmist alfarið á hendi velferðarsviðs eða í samstarfi við aðrar stofnanir. Má þar nefna að virkniráðgjafar voru ráðnir í upphafi árs 2010 til starfa á þjónustumiðstöðvum, Atvinnutorg opnaði í febrúar 2012, Stígur, þjónusta við atvinnuleitendur, var stofnaður í mars 2014, atvinnumáladeild var stofnuð hjá Reykjavíkurborg árið 2012, færniteymi með þjónustu fyrir óvinnufæra og matsteymið Velvirk hófu starfsemi árið 2014. Þá hefur verið lögð sérstök áhersla á þjónustu við ungt fólk og þá sem ljúka bótarétti sínum hjá Vinnuálastofnun.

Skólplosun uppfyllir ströngustu ákvæði

Losunarstaður skólps í Reykjavík uppfylla ströngustu ákvæði reglugerðar nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni. Þetta er niðurstaða yfirgripsmikilla rannsókna þar sem fram kemur að frekari hreinsun skólps frá Reykjavík og nágrennasveitarfélögum myndi ekki leiða til bætandi áhrifa á umhverfið með tilliti til ofauðgunar næringarefna.



Um 9,2 milljörðum varið til viðhalds borgarmannvirkja

Reykjavíkurborg mun verja 9,2 milljörðum króna á þessu ári til uppbyggingar og viðhalds á

mannvirkjum borgarinnar. Rúmum 700 milljónum verður varið til malbiksviðgerða og nýmalbikunar, unnið verður að uppbyggingu á skólahúsnaði þriggja grunnskóla og eins leikskóla auk viðhalds á öðrum skólabyggingum og áfram verður unnið að uppbyggingu útisundlaugar við Sundhöllina. Þetta kemur fram í fréttabréfi umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar.

Vatnsmyrin gríðarlega mikilvæg

Í máli borgarstjóra á fundi Viðskiptaráðs nýlega kom fram mikilvægi þess að laða að fyrirtæki sem borga góð laun, mikilvægi hagkvæmra og afkastamikilla almenningsgangna og að þétting byggðar væri mikið samkeppnismál til þess að gera borgina spennandi til búsetu. Borgarstjóri sagði að Vatnsmyrin væri gríðarlega mikilvægt svæði í borginni fyrir landið allt til þess að laða að tækni- og sprotafyrirtæki með báða háskólana og háskóla-sjúkrahús sem hryggjarstyckið í þeirri þróun. Nú þegar væri lyfjafyrirtækið Alvogen að hyggja á stækkun auk þess sem uppbygging höfuðstöðva tölvuleikjafyrirtækisins CCP muni hefjast innan tíðar. CCP hyggst nota um 7000 fermetra af um 11.000 fermetrum til þess að hýsa minni fyrirtæki sem spretta frá CCP eða innan úr háskólaumhverfinu.

Um 44 milljarðar í hótelluppbyggingu

Um fjörutíu og fjórum milljörðum króna verður varið í núverandi áform um hótelluppbyggingu í Reykjavík en einnig verður lögð mikil áhersla á uppbyggingu atvinnuhúsnaðis undir þekkingarstarfsemi. Á síðustu tólf mánuðum er borgin búin að selja átta lóðir undir atvinnustarfsemi, sem er mun meira en í mörg ár þar á undan

Stækkun Bergstaðastrætis 12 og endurnýjun Brennunar

Sótt hefur verið um leyfi til að byggja við norður- og austurhlíð Bergstaðastrætis 12 og byggja lyftustokk utan á vesturhlíð

hússins. Einnig hefur verið sótt um leyfi til að endurnýja steinbæinn Brennunar lóðinni og innrétta sem íbúð samkvæmt samþykktu deiliskipulag.

Ensímframleiðsla á Grandagarði

Sótt hefur verið um leyfi til að innrétta aðstöðu fyrir framleiðslu-fyrirtæki sem framleiðir ensím úr sjávarfangi í atvinnuhúsinu nr. 57-59 á lóð nr. 53-69 við Fiskislóð.

Verslunarhúsnaði á Grandagarði 13

Samþykkt hefur verið leyfi til að innrétta verslun og þjónustuhúsnaði á 1. og 2. hæð og til að koma fyrir skilti utan á húsið á lóð nr. 13 við Grandagarð.

Joe and the Juice og Gló við Laugaveg 10

Sótt er um leyfi til að innrétta tvo veitingastaði, annan í flokki 1 sem verður staðsettur og hinn í flokki 2 við Laugaveg 10 þar sem veitingastaðurinn Asia var áður til húsa. Einnig er sótt um aðgengi frá Bergstaðastræti.

Húsrif og viðbygging við Laugaveg 12

Sótt hefur verið um leyfi til að rífa austari hluta húss hækka þann vestari um eina hæð og byggja steinsteypta viðbyggingu, fjórar hæðir og kjallara, opna yfir lóðamörk á nr. 16 og innrétta nýtt anddyri/aðalinngang og stækkun á Hótel Skjaldbreið sem þar er á lóð nr. 12B við Laugaveg.

Raðhús við Mýrargötu

Sótt hefur verið um leyfi til að byggja raðhús, tvær hæðir og ris með tveimur íbúðum úr forsmíðuðum timbureiningum á lóð nr. 27 við Mýrargötu.

Fjölbýli við Norðurstíg

Sótt hefur verið um leyfi til að byggja þriggja íbúða steinsteypt fjölbýlishús á fjórum hæðum með innbyggðum tveggja stæða bílskúr á lóð nr. 5 við Norðurstíg.

Ný hugsun Ný viðmið

Nú er hafið niðurbrot húsa á svonefndum Brynjureit á milli Hverfisgötu og Laugavegar. Á sama tíma er verið að leggja lokahönd á nýjar byggingar á öðrum reit – Hljómalindarreit örlítið neðar við götuna. Ofar nær Hlemmi er einnig unnið en miklum endurbótum – byggingum nýrra húsa. Í þessum húsum sem byggð hafa verið, eru í byggingu og áformað er að byggja á næstunni verður komið fyrir íbúðum, verslunarrými, veitingastöðum og gístaðstöðu. Gatan hefur einnig verið endurgerð að nokkru í vistgötustíl og umferð bíla takmörkuð.

Um langt skeið var Hverfisgatan ein ömurlegasta gata Reykjavíkur. Um hana fór stríð umferð bíla á tveimur akreinum til austurs þar sem lítt var skeytt um umferðarhraða. Þessi miðborgargata var ekkert annað en hraðakstursgata á milli Lækjartorgs og Hlemmtorgs. Einstaka verslunarmaður þraukaði en flestir gáfust upp. Verslunarstarfsemi þreift ekki og íbúar leituð burt í tímans rás. Margar byggingar urðu viðhalds- og umhirðuleysi að bráð. Hengu uppi – sumar hálf brunnar og ónýtar og aðrar setnar fólk sem lifði á jaðri samfélagsins – oftast háð áfengi og fíkniefnum.

Þessi þróun á sér rætur í hugarfari sem algengt var á sjöunda og áttunda áratug fyrri aldar og jafnvel lengur. Augu manna beindust ekki að miðborginni. Miðborgarlíf þótti ekki eftirsóknarvert. Úthverfin áttu að heilla. Líf með gördum og grillum, stofum og matarboðum. Lengi var rætt um þörf á nýrri miðborg. Þær hugmyndir enduðu sem verslunarmiðstöð og leikhús í Kringlumýrinni en ekki önnur miðborg – sem betur fer. Síðar var tekið að færa dagvöruverslun að útjörðum byggðar. Nær öll borgarþróun kallaði eftir einkabílum. Nú kallar fólk eftir þjónustu til baka. Nær mannfólkinu. Uppbyggingin í Örfirisey er dæmi um svörum við því kalli.

Á síðustu árum hefur önnur hugsun orðið til og ný viðmið skapast. Margt yngra fólk hefur tileinkað sér aðrar hugmyndir um borgarlíf og annan lífsstíl. Áhrifa erlendis frá gætir og mannleg samskipti fara meira fram á almennum stöðum á borð við kaffihús og öðrum veitingastöðum en á heimilum fólks. Miðborgin og svæði í nánd hennar - einkum Vesturbærinn hafa orðið vinsæl til búsetu og nú er verð fasteigna í þessum borgarhlutum það hæsta í höfuðborginni og sést best á að Þingholtin eru nú eitt dýrasta borgarhverfi Reykjavíkur. Þetta hefur aukið áhuga á að endurbæta miðborgina og endurskapa bæði mannvirki og lífsstíl. Hverfisgata er þar engin undantekning frekar en önnur miðborgar- og vestursvæði. Blómleg búseta, verslunarstarfsemi og gístaðstaða eru að taka við af niðurníðslu, hústöku, hraðakstri og umferðarmengun.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996

Vaktímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is • Allan sólarhringinn

Sverrir Einarsson Kristín Ingólfssdóttir Hilmar Erlendsson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNsla

HÚSAVIÐGERÐIR.IS
ALHLÍÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070

Finndu okkur á Facebook

Vesturbæingar

Parf ekki að bæta aðstöðuna hjá KR?



HARPA

Þjóðin fagnar í Hörpu

Dagskrá 17. júní



Eldborg

- 13:45** Lúðrasveitin Svanur marserar inn í Hörpu og leikur létt lög
- 14:00** Þjóðsöngur í Eldborg – Óperukórinn í Reykjavík leiðir þjóðina í söng undir stjórn Garðars Cortes
- 14:30** Danshópurinn Sporið sýnir íslenska þjóðdansa
- 15:00** Norska lúðrasveitin Notodden Bymusikk flytur fjölbreytta dagskrá

Hörputorg kl. 13–16

Fornbílaklúbburinn sýnir bíla

Hörpuhorn

- 15:00** Sönghópurinn Spectrum, stjórnandi Ingveldur Ýr Jónsdóttir
- 15:30** Alþjóðlega tónlistarakademían í Hörpu
- 16:00** Reykjavík Midsummer Music

Smurstöðin

- 13:00** Bjarmi Hreinsson harmonikkuleikari
- 14:00** ALDA
- 14:30** Gulli gítar
- 16:30** Hljómsveitin Mara

Vísa kl. 14–17

Íslenska óperan býður í heimsókn

Norðurbryggja

- 15:30** Fjörkarlarnir – létt dagskrá fyrir fjölskylduna
- 16:00** Sirkus Íslands

Anddyri kl. 15 og 16

Maxímús heilsar börnunum og gefur Hörpurellur

www.harpa.is



HarpaReykjavik

Harpa tónlistar-
og ráðstefnuhúsið
í Reykjavík

Austurbakki 2
101 Reykjavík
528 5000

Miðasala
528 5050

Erfði bókmenntaáhugann frá föður mínum

... er að ljúka við bók um Thor Vilhjálmsson

Örn Ólafsson bókmenntafræðingur og rithöfundur spjallar við Vesturbæjarblaðið að þessu sinni. Örn er fæddur og uppalinn á Túngötunni og bjó í Vesturbænum þar til að leið hans lá erlendis. Hann bjó um tíma í Lyon í Frakklandi þar sem hann sinnti kennslu og rannsóknarstörfum en hefur síðasta aldarfjórðunginn búið í Osló um tíma en að mestu í Kaupmannahöfn þar sem hann hefur sinnt kennslu og síðast en ekki síst bókaskrifum. Hann hefur ritað nokkrar bækur um íslenskar bókmenntir og íslenska höfunda - meðal annars bók um Guðberg Bergsson og verk hans og er nú að leggja lokahönd á bók um Thor Vilhjálmsson og feril hans sem rithöfundar. Örn átti stutt stopp á landinu á dögnum og settist niður með tíðindamanni Vesturbæjarblaðsins á Háskólatorginu um stund. Talið barst fyrst að Vesturbænum.

„Ég er fæddur á Túngötu 47 árið 1941 og ein fyrsta minning mín er að systir mín sem er aðeins yngri en ég var að gráta og ég sagði henni að það væri alveg óþarfi að gráta vegna þess að það væri gott veður. Hún ætti bara að hætta þessum gráti. Túngata var nánasta umhverfi æsku minnar og ég man að við strákarnir á Túngötunni vorum hræddir við strákana á Bræðraborgarstígnum. Þeir höfðu með sér félag sem þeir kölluðu Tígrisklóna. Við þorðum varla að ganga yfir götuna af ötta við þá. Að þeir myndu láta til skarar skriða gegn okkur en ég man nú ekki eftir að til neinna stóratáka kæmi.“

Örn segir umhverfið lítið breytt er hann lítur yfir það eftir langa fjarveru. „Þarna eru sömu húsin og allt er svipað utan að sjá en ég hef búið svo lengi erlendis að ég hef ekki fylgst mikið með mannlífinu. Þarna hafa auðvitað orðið kynslóðaskipti eins og annars staðar. Nýtt fólk er komið í gömlu húsin og tíðarandinn breytist frá einum tíma til annars.“

Örn fór hina hefðbundnu leið í skóla og skólagangan höfst í Melaskólanum. Svo tók Gagnfræðaskóli Vesturbæjar eða Gaggó Vest eins og síðar var farið að kalla hann við. „Hann var til húsa í gamla Stýrimannaskólanum við Stýrimannastíg og vinir mínir á þeim árum voru einkum Sigurjón Magnússon og Geir Viðar Vilhjálmsson síðar sálfræðingur. Sigurjón féll síðar fyrir hendi Bakkusar en þeir höfðu lengi átt nána samleið og Geir hefur verið heilsulfélag og ekkert borðið á honum um árabíll. Milliskólátímabilinu lauk síðan með veru í þriðja bekk sem var til húsa í Búnaðarfélagshúsinu við Tjörnina. Þaðan lá leiðin síðan yfir Lækjargötuna – yfir í MR í hefðbundið menntaskólánám.“

Bókmenntaáhuginn er föðurarfur

Örn fékk snemma áhuga á bókmenntum - fræðigreini sem ekki hefur látið hann ósnortinn um ævina og hefur einkennit líf hans og störf fram á þennan dag. En hvernig kom þessi áhugi til hans. Hann segir bókmenntaáhugann að miklu leyti föðurarf. „Þegar ég var í þriðja bekknum í Búnaðarfélagshúsinu

kom Kristmann Guðmundsson rithöfundur einhverju sinni og hélt bókmenntakynningu fyrir krakkana. Ég held þó að þessi kynning hafi engum sköpum skipt fyrir mig vegna þess að áhuginn var þá þegar tekinn að vakna. Ég held að ég hafi fengið hann frá föður mínum sem hafði mikinn áhuga á bókmenntum. Hann las verk Halldórs Laxness í gegn einkum fyrri verk hans sem hann skrifaði á þeim tíma ævinnar þegar hann var einbeittur vinstri maður sem hann var allt til þess að hann skrifaði Guðsgjafabúlu. Það hafði þó aldrei áhrif á pólitíska sýn föður míns sem kaus íhaldið jafnan í hvert sinn sem gengið var til kosninga. Áhrifin frá Laxness náðu aldrei til þess þáttar í lífi hans. Afi minn var hins vegar á öðrum meiddi í pólitíkinni. Hann var einn af stofnendum Dagsbrúnar og Alþýðuflokksins. Ef ég lít aðeins til móðurættar minnar þá var móðurafi minn kaupmaður á Stokkseyri fram til um 1930 að hann flutti til Reykjavíkur og settist að á Óðinsgötunni. Hann var mikill andstæðingur Jónasar frá Hriflu og þegar hann var að hlusta á útvarpið þar sem Jónas kom oft fram á þeim árum þá reifst hann við útvarpið. Þörfina að mótmæla Jónasi var svo mikil að hann skeytti ekkert um að maðurinn á bak við röddina í útvarpstækunni heyrði ekki umvandanir hans. Ég man aðeins eftir honum. Hann var þá orðinn verulega sjónundur að öllum líkindum vegna undirliggjandi sykursýki.“

Síðhærður komst ekki til Austur Þýskalands

Örn segir að það hafi aldrei verið spurning um að fara bókmenntaleiðina þegar kom að háskólanámi. „Faðir minn var alltaf að reyna að fá mig til þess að lesa bækur Halldórs Laxness. Ég var hins vegar meira fyrir að lesa ljóð á þessum tíma. Á árunum í MR las ég til dæmis talsvert af enskum ljóðum eftir Byron, Shelley og John Keats. Þessi ljóðalestur varð þó ekki til þess að ég heillaðist alfarið af enskum bókmenntum og snéri mér að íslenskunámi við Háskóla Íslands að stúdentisprófinu loknu. Ég fékk námsstyrk og fór eitt ár til Þýskalands en kom síðan heim aftur og lauk íslenskunáminu.“

Þegar Örn dvaldi í Vestur Þýskalandi freistaði hann þá aldrei að líta austur yfir. Hann viðurkennir það og segir að í boði hafi verið ódýrar rútufurðir til Berlínar. „Ég keypti mér far og hét af stað en á þessum árum var í tisku að ganga með sítt hár og talsverðan skeggvöxt. Ég hafi safnað nokkru af hvoru tveggja og líktist því ekki beint myndinni sem var í vegabréfinu mínu. Landamæravörður taldi að þetta gæti alls ekki verið sami maðurinn og mér var snúið frá.“

Elstu nemendurnir að verða sextugir

Eftir háskólaprófið fór Örn að leita sér að vinnu og fékk fljótlega kennarastarf við Menntaskólann við Tjörnina eins og hann hét þá þegar hann var til húsa í gamla Miðbæjarskólanum en flutti síðan inn í Voga og heitir Menntaskólinn við Sund eða MS í daglegu tali.



Örn Ólafsson og eiginkona hana Peries Kangethe frá Kenía en þau kynntust í Kaupmannahöfn.

„Ég var þó aldrei nema í eitt ár þar vegna þess að þá bauðst mér kennslustarf við Menntaskólann við Hamrahlið. MH var þá tiltölulega nýr framhaldsskóli og með talsvert öðru sniði en hinir hefðbundnu menntaskólur. Skólinn starfaði eftir sérstöku áfangakerfi en ekki gamla bekkjakerfinu sem tíðkast hafði og var vinsæll af nemendum sem margir nutu hins nýja fyrirkomulags. Nú er þetta orðið mun algengara á framhaldsskólastiginu en var og segja má að MH hafi verið brautryðjandi að ýmsu leyti. Ég kenndi þar í átta ár og þegar ég lít til baka þá sé ég að árin eru orðin nokkuð mörg vegna þess að elstu nemendur mínir eru að verða sextugir.“

Afdrifarík kynni við Lemarquis

En svo lá leið Arnar úr landi – til Lyon í Frakklandi þar sem við tóku kennslu- og rannsóknarstörf og þar vann hann meðal annars og varði doktorsritgerð um áhugaverðan tíma í sögu íslenskra bókmennta. Örn hneigðist að enskri ljóðagerð í æsku, dvaldi síðar í Þýskalandi en nú varð það Frakkland. Hvernig bar það til. „Það bar þannig til að ég kynntist frönskum manni sem býr hér á landi Gérard Lemarquis og við urðum góðir vinir. Ég fór einhverju sinni á árshátíð Alliance France ásamt fyrri konu minni Ingibjörgu Ólafsdóttur og Lemarquis eldaði fyrir árshátíðargesti. Upp úr því fór ég að nefna við hann að mig langaði til Frakklands. Ég væri orðinn leiður á kennslustarfinu og hefði áhuga á frekara námi. Þarna leiddi eitt af öðru sem endaði með því að við Ingibjörg og Egill sonur okkar sem þá var sex ára fórum til Lyon í Frakklandi og bjuggum þar í fimm ár. Ég stundaði nám en kenndi einnig með náminu – einkum sænskar og íslenskar bókmenntir. Árin í Lyon voru mjög góð. Gott

að fara héðan og kynnast nýju umhverfi. Fjölskyldan stækkaði líka því Helga dóttir okkar Ingibjargar fæddist í Frakklandi. Við fórum því þrjú út en komum fjögur heim. Við kynntumst franskir matargerð og hefðum sem eru víðfrægar og við ferðuðumst líka mikið um. Austur til Alpanna og upp í Leirudal svo nokkurs sé getið. Þar er meðal annars að finna gamlar hallir aðalsmanna frá 16. og 17. öld og skála frá tíma Snorra Sturlusonar. Ögill sem var sex ára þurfti að hefja sína skólagöngu í frönskum barnaskóla og skyldi eðlilega ekki orð í frönsku. Hann hafði aðallega verið að fletta frönskum myndablöðum og fyrsti veturinn var hann búinn að ná tungumálinu og gat haldið í við skólafélaga sína. Ég lauk líka við doktorsritgerðina mína um tímabil Rauðra penna eins og þeir voru kallaðir vinstriinnar rithöfundar um miðbik liðinnar aldar og varði hana í júní 1987 skömmu áður en að við komum heim. Þess má geta að ritgerðin kom síðar út og þá í endurskoðuðri útgáfu árið 1990.“

Erlendis í á þriðja áratug

Örn segir að þrátt fyrir nám og störf erlendis hafi verið erfitt að fá vinnu þegar hann kom heim. Ég byrjaði á að kenna útlingingum íslensku í Háskóla Íslands og það var ekki fyrr en þá sem ég áttaði mig til fulls á því hvað þurfti til þess að komast að stöðum við háskólann. Það var að hafa sinnt stundakennslu um nokkurn tíma sem ég hafði eðlilega ekki gert þar sem ég hafði búið og starfað erlendis. Ég var því frekar atvinnulítil um tíma eða þar til að ég sá auglýsta stöðu sendikennara í Kaupmannahöfn. Fyrira hjónabandi mínu lauk um þetta leyti og ég slóg til sótti um og starfaði þar næstu

sex árin. Þá flutti ég yfir til Osló og gegndi sambærilegri stöðu þar í nokkur ár. Það má segja að ég hafi búið erlendis frá þeim tíma og ef ég tek Frakklandsdvölinu með þá hef ég dvalið að mestu utan lands í um 35 ár ef frá eru talin nokkur á níunda áratugnum.“

Frá konservatívu heimili til marxisma

En þrátt fyrir þessa fjarveru frá föðurlandinu eru margir sem komnir eru á miðjan aldur sem muna vel eftir Erni. Í síðum frakka á reiðhjól í Vesturbænum, á fundum hjá vinstri hreyfingunum eða útleggingum hans á Marxiskum fræðum í blöðum vinstrianna. En hvað kom til að Örn sem kemur frá konservatívu heimili – af fólk sem alltaf kaus íhaldið eins og hann kemst að orði gerðist einn af fremstu baráttumönnum fræða Karls Marx og Leon Trotsky hér á landi. Örn rifjar þá sögu upp.

„Þannig var að þegar ég var á tuttugasta aldursárinu gerðist ég Þjóðvarnarmaður en þá starfaði flokkur með því nafni hér á landi og var svona til hliðar við Sósíalístaflokkinn sem síðar varð að Alþýðubandalagi. Þarna var ekki liðið það langt frá fullveldinu 1944 að fólk var mjög umhugað um Þjóðerni og innan Þjóðvarnarflokksins var heilmikil Þjóðernishyggja. Flokkurinn var stofnaður í mars 1953 og var svona óbeint framhald af Þjóðvarnarfélaginu sem starfaði á árunum frá 1946 til 1951. Eitt helsta stefnumál Þjóðvarnarmanna var að Ísland segði sig úr Atlandshafsbandalaginu og að ameríska herliðið færi af landi brott. Hugmyndafræði Þjóðvarnarmanna var byggð á Þjóðernishyggju og félagshyggju en flokkurinn skar sig frá Sósíalístafloknum vegna fylgni þess síðarnefnda við Sovétríkin. Ég safnaði undirskriftum gegn herstöðinni í Vesturbænum og



Örn segir árin í Lyon hafa verið góð. Gott hafi verið að kynnst nýju umhverfi og gaman að fá innsýn í franska matargerð. Hér er hann við kvöldverðarborðið heima í Lyon ásamt Agli þá sjö ára og Ingibjörgu Ólafsdóttur fyrri konu sinni.

ég man enn skelfingarsvipinn á sumu fólki þegar ég þar þetta erindi upp. Sumir umhverfðust hreinlega því vestræn samvinna átti sér mikið fylgi í þessum bæjarhluta. Þarna sá ég að það eina í stöðunni gegn herstöðinni væri að gerast kommúnisti. Ég gekk þá í Æskulýðsfylkinguna sem var hálfgerður útivistarhópur þar sem ekki var rætt mikið um pólitík. Þarna var fólk sem var í eðli sínu jafnaðarmenn – jafnvel hreinir kratar en áttu enga samleið

sem Alþýðuflokknum sem var í samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn - flokkinn sem studdi herstæna hvað fastast. Snemma á áttunda áratugnum fóru menn að koma heim frá námi á Norðurlöndunum sem höfðu kynnst ýmsum vinstri hreyfingum þar. Trodskyistar komu frá Svíþjóð og Maóistar sem lögðu Rauða kver og kenningar hins kínverska Maó formanns til grundvallar lífsskoðun sinni komu heim frá Noregi. Maóistarnir lögðu Fylkinguna næstum undir

sig um tíma. Ég samdi lítið rit sem ég kallaði Kommúnismi eða kreddutrú 1976 og gaf það út sjálfur. Ég gerði þetta af vanefnum. Hannaði það í fjölritunarstofunni í Menntaskólanum við Hamrahlíð þar sem ég kenndi á þeim tíma og það seldist fremur lítið. Um þetta leyti fór ég að kynna hér hugmyndir Trodskyista og snerist á sveif með þeim. Taldi að Trodskyisminn kæmist næst hinum hreina Marxisma eins og hann kemur fram í ritum Karls Marx. Fylkingin var orðin nokkuð Trodskysk á þessum tíma og þegar ég kom til Frakklands árið 1980 leitaði ég upp hóp þeirra og gekk í lið með þeim þótt mér fyndust Frakkarnir vera nokkuð kreddufullir – voru með alveg ákveðnar skoðanir á stjórnmálum og á heimsáttum og lítinn sveigjanleika að finna í hugarheimi þeirra. Í Danmörku gekk ég til liðs við SAP Socialistisk Arbejderparti. Þetta eru fámenn samtök. Telja líklega um eitt hundrað manns. Þetta er svona samband heimilisleysingja á vinstri vængnum á Danmörku. Náði þó að fá sex menn kjörna á danska þingið þegar best lét.

Skrifaði um Guðberg og er að ljúka við bók um Thor

Örn starfaði í Osló um þriggja ára skeið en hélt þá aftur til Kaupmannahafnar 1997 þar sem hann hefur dvalið síðan eða í tvo áratugi. Hann segir það hafa verið gaman að staldra við í Osló og fá tækifæri til þess að kynnst Norðmönnum. Eftir Noregsvölinu hefur Örn aðallega sinnt ritstörfum og fengist nokkuð við þýðingar. Hann starfaði meðal annars sem dómtúlkur í málum nokkurra Íslendinga sem náðust við að flytja eiturlyf frá Hollandi. En snúum

okkur að bókunum sem Örn hefur ritað. „Já – árið 1992 kom út bókin Kóralforspil hafsins þar sem ég fjalla um móðernisma í íslenskum bókmenntum og Seiðblátt hafið kom út árið 2008.“ Örn hefur einnig ritað bók um Guðberg Bergsson rithöfund og verk hans og er nú að leggja lokahönd á bók um Thor Vilhjálmsson svo nokkurra sé getið. „Ég man að ég hitti Guðberg einhverju sinni í Austurstrætunum þegar ég var að skrifa bókina um hann. Ég hafði einhverju sinni skrifað gagnrýni um hann í DV sem ég veit ekki hvort hann var ánægður með. En þarna tókum við tal saman og ég sagði honum frá því að ég væri að endurlesa bækur hans mér til mikillar ánægju, sem tók mig nærri þrjú ár og væri í miðjum bókarskrifum. Guðbergur er auk þess að vera afkastamikill rithöfundur einn fremsti þýðandi þjóðarinnar og hefur meðal annars gert bókmenntir frá hinum spænskumælandi heimi aðgengilegar Íslendingum. Bókin um Guðberg var um 300 blaðsíður en ég geri ráð fyrir að bókin um Thor verði um 180 síður. Það er gaman að skrifa um Thor en erfitt að nálgast sumar bóka hans einkum þær eldri.“

Hún kom og síðan höfum við verið saman

Örn kynntist síðari konu sinni Peries í Danmörku en hún er frá Kenía í Afríku. Hvernig bar það til að afrísk kona varð fyrir valinu. „Það er saga að segja frá því,“ segir Örn og lítur brosmildur upp. „Ég hafði ekkert verið að velja því fyrir mér að eignast konu aftur en fór svo að hugsa um að maður ætti kannski að fara út og leita einhvers félagskappar stað þess að sitja heima og horfa á sjónvarpið. Ég ákvað að rölja út á kaffihús kvöld

nokkurt í því skini að hitta ef til vill eitthvert fólk. Þegar ég kom þangað sátu tvær þeldökkan konur við borð. Ég gaf mig á tal við þær og spurði hvort ég mætti tulla mér hjá þeim. Ég náði í þrjá bjóra fyrir okkur og settist svo hjá þeim. Við áttum þarna ágætt spjall og mér tókst meðal annars að fá upp hjá annarri þeirra – þeirri sem mér leist betur á hvar hún ynni. Og svo hófst símatímabilið. Hún vann hjá Rauða krossinum og ég fór að hringja í hana. Í fyrstu vildi hún ekkert með mig hafa. Kannaðist varla við að við hefðum hist. En ég gafst ekki upp. Hringdi aftur og aftur í heila viku og að lokum kannaðist hún við að hafa hitt mig á kaffihúsinu sem að endingu leiddi til þess að hún féllst á að hitta mig aftur á sama stað. Hún kom og síðan höfum við verið saman.“

Nýtt að kynnst Kenía

Örn segir að það hafi verið nýtt fyrir sér að kynnst Kenía. „Ég hef farið sex sinnum þangað og þetta er að mestu mjög fallett land. Liggur við austurströnd Afríku og miðbaugurinn gengur í gegnum landið. Kenía er ívið stærra en Frakkland – um 580 þúsund ferkílómetrar að stærð og þar búa um 28 milljónir manna. Suðurhluti landsins er mjög gróðursæll og þar eru mun fleiri íbúar. Ég hef haft tækifæri til þess að kynnst fjölskyldu Peries og haft gaman af því og nú er ég reyna að læra swahili sem er bantu tungumál og talað um miðja autanverða Afríku einkum í Kenía, Uganda og Tansaníu. Kannski er ég orðinn of gamall til þess að takast á við nýtt og frábrugðið tungumál en ég hef mjög gaman af því,“ segir Örn Ólafsson um leið og hann yfirgefur Háskólatorgið og heldur út í regngrátt Reykjavíkurbæði.



Öll rúnstykki á



Fagmenska tryggir gæðin

80 kr. stk

Bergstaðastræti 13 - 101 Reykjavík - Sími 551 3083 - www.bernhoftsbakari.is

Spólgleði veldur reiði í Vesturbænum



Lögreglumenn ræða við spóglæða öikumenn í Örfirisey.

Vorið er jafnan tími bílaáhugamanna og þá líta ýmiskonar fákar þeirra dagsins ljós á götum borgarinnar. Á meðal þeirra eru menn sem hafa sérstaka ánægju af því að láta bílana spóla með góðri inngjöf á malbiki svo mikil hljóð myndast þegar gúmmíð í hjólbörðunum nuddast við þurr malbikið. Þessu fylgir einnig kapp um hver kemst fyrstur í mark þótt kappakstur sé ekki alltaf fylgifygur spólaranna.

Spólararnir fara jafnan af stað á kvöldin þegar önnur umferð er að mestu hljóðnuð til þess að eiga göturnar einir. Hávaði og óhljóð sem þessu fylgja falla ekki alltaf og reyndar sjaldnast í kramið hjá íbúum borgarinnar sem margir hverjir eru að ganga til náða eða gengnir um það leyti sem drunur vélfákanna og spóliskur hefjast. Einkum hefur þessi hávaði pirrað íbúa Vesturbæjarins að undanförunu þótt víðar hafi verið spólað. Hefur lögregla þurft að hafa afskipti af öikumönnum sem haldið hafa vöku fyrir íbúum vestasta bæjarhluta og hefur

reiði blossað upp á meðal íbúa sem tjá sig um málið á samfélagsmiðlum. Þar segir að öikumenn haldi vöku fyrir fólki og spóli og spyrni víða um hverfið.

Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi er einn þeirra sem hefur tjáð sig um málið. Hann segir þetta hafa gerst reglulega í mörg ár og íbúar standi ráðalausir gagnvart því. Einkum hefur þetta verið vandamál á hinu nýuppbyggða verslunar- og þjónustusvæði í Ánanaustum og Örfirisey. Lögreglan hefur reynt að fylgjast með þessu og sendi hún bíl á svæðin þar sem spólið fer fram slái það á akstursgræðgi ökuþórnanna um stund en allt fari í sama farið þegar hún hverfur á braut. Því miður hefur lögreglan ekki nægilegan mannafla til þess að fylgjast með þessu eins og greinilega þarf. Akstursíþróttir eru viðurkenndur hluti af íþrótt- og keppnislífi en eiga rétt eins og önnur íþróttaiðkun að fara fram á sérstökum svæðum sem til þess eru ætluð en ekki á umferðargötum í þjónustu- og íbúðahverfum.

Um 2000 fermetra atvinnuhúsnæði

- verður byggt í Vesturbænum og um 170 íbúðir

Umtalsverðar framkvæmdir eru áætlaðar í byggingu atvinnuhúsnæðis á næstu misserum í mið- og vesturborginni. Byggt verður upp 300 fermetra atvinnuhúsnæði á Nýlendureitnum og 1.665 fermetra atvinnuhúsnæði á fyrstu hæð í Vesturbugt. Þar verða einnig 170 til 176 íbúðir og hyggst borgin kaupa 74 þeirra og kjallara sem Bílastæðasjóður myndi eignast.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir að hvergi verði gefið eftir í kröfum um gæði, langtímahugsun, sjálfbærni, og grænni hugsun um borgarþróun. Það sé alltaf eitthvað mikið nýtt á meðan borgin er í vexti og blóma eins og núna er. Mikill vöxtur sé í ferðaþjónustu sem kalli eftir atvinnuhúsnæði fyrir gistingu en einnig rými fyrir bílaleig, matvælafyrirtæki og samgöngufyrirtæki. Hann segir að þau hótelferkefni sem unnin hafi verið séu ekki nema um einn



Atvinnuhúsnæði og íbúðir verða byggðar við Vesturbugt.

tíundi hluti af því sem byggt sé af íbúðahúsnæði. Hótel og veitingahús hafi verið 5,8 prósent

af öllum framkvæmdum 2015 en fóru hæstu upp í rúmlega 12 prósent árin 2013 og 2014.

Foreldrar barna á Gullborg stofna hollvinafélag

Foreldrar við leikskólann Gullborg hafa ákveðið að stofna Hollvinafélag Leikskólans Gullborgar sem mun m.a. standa fyrir fjáröflun fyrir skólann.

Í frétt frá hinu nýstofnaða félagi segir m.a. að Leikskólar í Reykjavík hafi staðið frammi fyrir miklum niðurskurði að undanförunu. Margir foreldrar hafa lýst yfir áhuga á að styðja frekar við skólafélagið m.a. með kaupum á leikföngum og fleiru svo unnt sé að veita frekar fjármunum í starfsmannahald og matarinnkaup, en gerð hefur verið krafa um talsverðan niðurskurð á þeim sviðum.

Félagið er með facebook síðu, sem finna má með því að leita að Hollvinafélagi Leikskólans Gullborgar á facebook, og netfangið hollvini@icloud.com. Á facebook síðu félagsins munu birtast fréttir um skólann og upplýsingar um þá söfnun sem verður í gangi hverju sinni. Fyrsta söfnunin fyrir leikskólann hefst von bráðar.



Frá sumarhátíð á Gullborg.

Vesturbæjarblaðið

AUGLÝSINGASÍMI

511 1188

SANGRÍA FIMMTUDAGAR

PASSION FRUIT

CLASSICA

CAVA

BERRY



Bakki af fjórum frábærum mini Sangríum aðeins **2.990 kr.**

Frábært til að deila og smakka

Tapas
RESTAURANT - BAR



Í tilefni af **100** ára afmæli **Ellingsen** bjóðum við alla vini og velunnara velkomna í ver slunina og sérstaklega þætti okkur gaman að sjá fyrrum starfsfólk.

Verðum með köku og heitt á könnunni í tilefni dagsins.

ELLINGSEN
SÍÐAN 1916



SVÍNVIKAR FYRIR HÓPA

KJALLARINN á Sæta svíninu er ný og skemmtileg aðstaða fyrir hópa af öllum stærðum og gerðum.

KJALLARINN er frábær fyrir alls konar tilefni; hádegis- eða kvöldverð, veislur, vinnufundi, kokteilboð, bjórkvöld eða fyrir „Happy Hour“ eftir vinnu.

FYRSTA FLOKKS AÐSTAÐA Í NOTALEGUM SAL

- Sæti fyrir allt 60 manns
 - hægt er að taka á móti fleirum í standandi veislu
- Skjálvarpi og tjald
- Tilvalið er að koma með eigin tónlist og/eða skemmtiatriði
- Bar
- Frábær staðsetning í hjarta Reykjavíkur

Í boði eru fjölbreyttar veitingar; girnilegir hópmatseðlar, spennandi veitingar fyrir standandi veislur og auðvitað fljótandi veigar.

Við hlökkum til að taka á móti þínum hóp!

ELDHÚSIÐ
ER OPÍÐ
11.30-23.30

Fyrsta messa séra Steinunnar í Neskirkju verður á kvennadaginn

Þau tímamót urðu í vor í 60 ára sögu Neskirkju að sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir var ráðin prestur við kirkjuna og er hún þar með fyrsta prestvígða konan sem þar er skipuð til þjónustu. Svo skemmtilega vill til að fyrsta messa sr. Steinunnar við Neskirkju, verður 19. júní, á sjálfan kvenréttindadaginn.

Messan mun bera svip dagsins, bæði í tónlist og tali og spurt verður um þátt trúar í réttindabaráttu hópa sem eiga undir högg að sækja. Þá verður sjónum beint að konum sem eru flóttamenn og hælisleitendur. Með því svarar Neskirkja ákalli kirknaráðs Evrópu um að kirkjur um alla álfuna fjalli um og veki athygli á hlutskipti flóttafólks í messum 19. júní, daginn fyrir flótta-



Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir er fyrsti kvenpresturinn í Neskirkju og mun flytja fyrstu messu sína í kirkjunni á kvennadaginn 19. júní.

mannadag Sameinuðu þjóðanna. vanda boðið upp á kaffisopa Á lokinni messu verður að á Kirkjutorgi.

Þemadagar í Landakotsskóla

Fjallað um frelsishugtakið

Þemadagar voru haldnir í Landakotsskóla í byrjun maí. Á þemadögunum var unnið með frelsishugtakið og fjögur mismunandi efni þess tekin til umfjöllunar. Þau voru rétturinn til þess að láta skoðanir sínar í ljósi, tjáningarfrelsið, skoðana- og trúfrelsi og félagafrelsi. Í fréttinni er stuðst við greinargerð tveggja nemenda við skólann sem tóku saman afrakstur þemadaganna.

Á fyrsta degi var byrjað á því að setjast í hring. Börnin réttu upp hönd og sögðu hvað þau héldu að hver og ein grein þýddi. Síðan var útskýrt fyrir þeim efni hverrar greinar. Skrifað var niður hvað hver og ein sagði og það var sett upp á töflu þannig að börnin gætu séð hvaða hugmyndir komu fram. Síðan var börnunum skipt í fjóra hópa. Hver hópur fékk eina grein sem þau áttu að útfæra á plakat. Börnin réðu hvernig þau myndu setja verkefnið fram, annað hvort að teikna eða klippa út form. Einn í hópnum var skipaður ritari og sá um að skrifa lengri texta um greinina.

Á öðrum degi komu börnin saman inni í stofu þar sem þau bjuggu til andlit og hendur, hugsanablöðrur og talblöðrur. Þau skrifuðu í blöðrurnar það sem tengdist þeirri grein sem þau voru að vinna með. Að því loknu fór einn hópurinn í video upptöku og sýndi það sem hann hefur verið að vinna með.

Á þriðja degi luku allir við plaggötin sín og unnar voru videoupptökur Nemendur bjuggu til tré þar sem nöfn barnanna voru skrifuð á greinarnar. Síðan voru verkefni barnanna hengd upp.



Fermingar í Neskirkju

Skráning hafin í
s. 511 1560 eða
á runar@neskirkja.is

Sumarnámskeið
15. - 18. ágúst

Ferð í Vatnaskóg
9. - 11. september

Viðburðir og fræðsla
allan veturinn

Nánari upplýsingar
á neskirkja.is





AAAAhhh

EINSTAKLEGA KÆLANDI
SÓLARVÖRN



NJÓTTU FYRSTU NIVEA
SÓLARVARNARINNAR **SEM KÆLIR**



Blómaskúrinn við Birkimel. Hér hafa Vesturbæingar verslað blóm í á sjöunda áratug og keypt kók og prins póló um langt árabíl en sjoppurekstrinum var hætt um síðustu aldamót. Nú hafa skúrarnir vikið og nýtt blómasöluhús mun rísa á lóðinni.

Nýr blómasöluhúsi rís við Birkimel

Reisa á nýjan blómasöluhúsi við Birkimel en blómasöluhúsið þar sem Blómatorg hefur verið til húsa er horfinn. Húsin voru rifin nýlega en til stendur að byggja um 75 fermetra átthyrnt hús á lóðinni.

Ætlunin er að selja blóm í hinu nýja húsi þegar það verður komið upp en Sigurður Þórir Sigurðsson eigandi Blómatorgs hefur komið fyrir gám á lóðinni þaðan sem hann ætvar að veita Vesturbæingum og öðrum þjónustu á meðan nýja húsið verður í byggingu. Blómasöluhúsið á sér langa sögu. Sigurður Guðmundsson garðyrkjumaður faðir Sigurðar Þóris byggði húsið og var fyrri hluti þess reistur 1949 en hinn síðari 1955. Lengi var rekin sjoppa í þeim hluta eða allt fram til ársins 2000 undir heitinu Birkistaurinn. Blómasala hefur farið fram á horni Birkimels og Hringbrautar í 67 ár og mun verða framhaldið í nýju húsi þegar það verður rísið.

Óli Gunnar slær fyrir Vesturbæinga

- annað árið sem hann stundar garðslátt í Vesturbænum og vinnur sér fyrir körfuboltaferð til Serbíu.

Óli Gunnar Gestsson heitir ungur Vesturbæingur sem fermdist í vor og ákvað að nota hluta fermingarpenganna til að kaupa slátturorð svo hann væri betur búinn en á síðasta sumri þegar hann gekk í hús og bauð fólki að slá grasið fyrir þau fyrir litla greiðslu þar sem hann var að safna fyrir æfingaferð í körfubolta til Serbíu.

Nú fer Óli Gunnar aftur í körfuboltaæfingarferð til Serbíu og hann ætlar sér að bjóða fólki sem hefur af einhverjum ástæðum ekki slegið grasið hjá sér eins og á síðasta sumri eða fólki sem ekki hafði sláttuvél að slá fyrir þau. Núna er hann mjög einbeittur og vill gera þetta mun betur en í fyrra og er til þess mjög vel undirbúinn með nýju vélina sína. Við skólaslit Hagaskóla útbjó hann auglýsingu með afritum með farsímanúmeri sínu sem fólk gat ritið númerið af og geymt hjá sér hefði það áhuga á fá hann til þess að slá fyrir sig. Síðan fór hann um hverfið í kringum Melhaga og hengdi auglýsingu upp auk þess sem hann fékk leyfi til þess að hengja upp auglýsingu í Melabúðinni.

Foreldrar stoltir

Faðir hans segist mjög stoltur af þessu framtaki. „Ég er sérstaklega ánægður með þetta framtak hans vegna þess að eftir veikindi sem ég varð fyrir fyrir nær þremur árum er ég óvinnufær og fjárráðin dregist saman samkvæmt því.“ Hann kvaðst vona að garðsláttuvélarmáli rættist hjá honum og að hann fái eitthvað að gera með nýju vélina. Hann ætti að geta unnið sér þá fjármuni sem hann lagði í sláttuvélina til baka og eitthvað fyrir Serbíuförinni. „Við lögðum nokkra vinnu í kaupin. Föllum á flesta staði sem selja sláttuvél til þess að skoða og vanda valið og fyrir



Óli Gunnar Gestsson.

valinu varð vél sem nýttist bæði sem lítil sláttuvél og sláttuorfi til þess snyrta kanta og með fram húsum svo fólk þurfi ekki að leggast á fjórar fætur til þess að klippa grasið sem sláttuvélar ná auðvitað ekki til. Ég vona að með því að segja frá þessu framtaki hans geti það orðið til þess að aðrir krakkar líti aðeins upp frá tölvunum í sumarfríinu og finni sér fleiri viðfangsefni.“

[Vesturbæjarblaðið](http://www.borgarblod.is) www.borgarblod.is



Draumur á Jónsmessunótt



FLOTHETTAN –
fyrir draumkennt
sumar!

„Ég get ekki talað
nógu fallega um Sveita-
Samflotin og Flothettuna
hennar Unnar Valdísar.“
Thelma Björk jógakennari.

LÆKKAÐ VERÐ: 16.500 kr.



MÖNTRU ARMBÖND – fallegasta útskriftargjöfin?

Silfruð, gyllt, rósagull.
Einstakt veganesti út í lífið.
Gefandi möntrur/pulur/orð.

Verð: 6.500/7500 kr.



LÍFRÆNN
ESPRESSÓBAR!

Súrdeigssamlukur,
þeytingar, Acai skál,
chiagrautar, croissant,
kökur og margt, margt
fleira.

Alltaf úr besta hráefninu.

SUBURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI

Ný heimasíða: www.systrasamlagid.is

www.facebook.com/Systrasamlagid

Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:

Mjúkir mánudagar: 10 - 18.

Þri. - fös.: 9 - 18.

Laugardagar: 10 - 16.

Grandaskóli útskrifaði 31 nemanda

Alls lauk 31 nemandi námi í Grandaskóla úr 7. bekk á þessu vori.

Við skólaslitin var flutt kveðja umsjónarkennara, fulltrúar nemenda og kennara fluttu tónlistaratriði og lásu upp minningar sínar undir yfirskriftinni „Árin mín í Grandaskóla“. Þá ávarpaði skólastjóri nemendur og foreldra. Að lokum fengu nemendur vitnisburð sinn en að hausti tekur við nám í Hagaskóla sem er safnskóli fyrir nemendur 8. og 9. bekkjar í Vesturbænum.

Myndin var tekin við skólaslit Grandaskóla.



Fimmtu bekkingar á Þingvöllum


Fimmtu bekkingar Mela-skóla lögðu land undir fót og heimsóttu Þjóðgarðinn á Þingvöllum. Með í för voru umsjónarkennarar og Þóra Lovísa myndmenntakennari.

Eftir fróðlegt erindi í miðstöðinni á Hakinu var gengið niður Almannaeggj, stoppað við Lögberg og nemendur upplýstir um sögu staðinn. Morgunnesstið var næst á dagskrá enda margir orðnir svangir. Eftir að hafa skoðað Peningagjá lá leiðin upp að Óxarárfoss. Á heimleiðinni var áð við þjónustumiðstöðina og hádegismatur borðaður. Það var ánægður og glaðvæur hópur sem sneri heim að skóladegi loknum.



Fimmtu bekkingarnir á Þingvöllum.

BIKE CAVE

Einarsnesi 36 • 101 RVK
Opið alla daga 9-23
www.bikecave.is • Erum á Facebook 
Sími: 770-3113

Lifandi tónlist

Lifandi tónlist
allar helgar,
föstudaga,
laugardaga
og sunnudaga,
frá 18:30-21:30.

Verið velkomin
í Bike Cave.

Góður matur á
frábæru verði.



FORSETAKOSNINGAR 2016

Á Íslandi skipta allir máli

Ég vil búa í samfélagi sem setur mannlífið og náttúruna í forgang. Samfélagi sem byggir á góðri menntun, heiðarleika og réttlæti. Samfélagi sem sýnir umhyggju, er framtíðarheimili unga fólksins og leyfir eldri kynslóðum að njóta þess sem þær hafa áorkað. Sem forseti Íslands myndi ég starfa eftir þessum gildum. **Förum þangað.**

Úrslit í forsetakosningunum eru hvergi nærri ráðin. Ég hvet þig, kjósendi góður, til að mæta á kjörstað og kjósa með hjartanu. Þitt atkvæði skiptir máli.

Halla Tómasdóttir hefur starfað lengst af sem mannauðsstjóri og kennari hér heima, í Bandaríkjunum og í Bretlandi. Hún kom að uppbyggingu Háskólans í Reykjavík og leiddi verkefnið Auður í krafti kvenna. Hún gegndi stöðu framkvæmdastjóra Viðskiptaráðs árið 2006 en hætti 2007 til að stofna Auði Capital með það að markmiði að koma með aðra og mannlegri nálgun inn í fjármálageirann. Hún var ein þeirra sem stóðu að Þjóðfundinum árið 2009.

Halla er rekstrarhagfræðingur frá Bandaríkjunum og talar fjögur tungumál. Undanfarin misseri hefur hún starfað sem fyrirlesari á alþjóðavettvangi og er auk þess virkur þátttakandi í umræðu um þróun samfélagsins. Halla er gift Birni Skúlasyni og þau eiga tvö börn. Fjölskyldan býr í Kópavogi.

Halla Tómasdóttir



Ellingsen 100 ára

- verslunin leggur áherslu á útivistarvörur í dag

Verslunin Ellingsen hefur fylgt Reykvíkingum lengur en elstu menn muna enda er hún eitt hundrað ára í dag 16. júní. Þessi verslun er afrakstur stórhuga manns Othar P. J. Ellingsen skipasmíðs frá Krókey í Naumdal í Þrændalögum. Hann var ráðinn hingað 1903 til að stýra Slippfélaginu sem þá var nýstofnað. Kona hans var Marie Ellingsen frá Kristiansundi í Noregi.

Í upphafi tuttugustu aldarinnar flutti norskur skipasmíðurinn Othar Ellingsen til Íslands og varð það Marie mjög erfitt. Með honum eiginkona hans Marie. Hún gekk þá með fyrsta barn þeirra hjóna en börnin áttu eftir að verða sjö talsins. Othar var fæddur 1875 og var því 28 ára gamall þegar hann tók við starfi framkvæmdastjóra Slippfélagsins í Reykjavík. Segja má að Íslendingasögurnar hafi vísað Othari veginn hingað en í viðtali sem Valtýr Stefánsson tók við Marie Ellingsen í tilefni 70 ára afmælis hennar segir hún frá því að á unga aldri hafi Othar tekið ástfóstri við þessar fornu íslensku sögur og að strax þá hafi hann haft hug á að komast til Íslands ef ferð hingað byðist. Othar geip svo tækifærið þegar staða framkvæmdastjóra Slippfélagsins í Reykjavík var auglýst laus til umsóknar við stofnun þess 1902. Hann sótti um starfið en þá var Othar búinn að læra skipasmíði í Noregi. Bréfið með umsókninni var svo lengi á leiðinni að búið var að ráða í stöðuna þegar það loks barst til landsins en hann tók engu að síður við stafinu.

Sérhæfði sig í sölu á veiðarfærum

Árið 1916, eða fyrir réttum 100 árum, ákvað Othar að láta slag standa og stofna sitt eigið fyrirtæki og nefndi það Ellingsen, verslun athafnamannsins, sem sérhæfði sig í sölu á veiðarfærum og ýmsum tækjum og tólum sem tengdust útgerð og tók fljótt flugið. Því var að þakka framsýni þessa unga manns sem þá var aðeins 36 ára og við hlið hans stóð eiginkona hans, Marie, eins og klettur. Hún tók að sér að sjá um bókhaldið til að byrja með og var alveg með á nótunum hvenær herða þurfti sultarólina ef ekki voru til nægir peningar. Þannig tókst þeim í sameiningu að byggja upp fyrirtæki sem átti eftir að setja sitt mark á verslunarsögu Íslands. Othar Ellingsen lést



Othar og Marie Ellingsen ásamt börnum sínum.

1936 úr lungnabólgu og árið eftir lést Dagný dóttir þeirra hjóna og varð það Marie mjög erfitt. Sonur þeirra Othar tók þá við Ellingsen og stýrði fyrirtækinu af glæsibrag næstu 58 árin, allt til 1992 þegar synir hans, Óttar Birgir og Steingrímur tóku við stjórnartaumunum þar til ákveðið var að selja allt hlutafé Ellingsen til Olíuverslunar Íslands 1999.

Úr sjávarútvegi í útivist

Olíuverslunin rak verslunina fram að síðasta ári að hjónin Helga Sverrisdóttir og Bjarni Ármannsson festu kaup á henni. Á þeim tíma var hún flutt í glæsilegt hús við Fiskislóð en hún hafið lengi verið til húsa í eldri byggingum þar skammt frá. Helga segir að verslunin hafi breyst mikið á síðustu árum. Áherslan hafi færst frá útvegsvörum til útivistar þótt enn sé verslað með veiðivörum einkum fyrir

sportveiðimenn. Tengingin við sjávarútveginn hafi því rofnað nokkuð en nýir viðskiptavinir komið í staðinn og þá fyrst og fremst almenningur. „Við ætlum okkur að vera hér með alhliða verslun með útivistarvörur – bæði fatnað og annað sem fólk notar til ferðalaga og útivistar og áherslan verður lögð á vandaðar vörur á góðu verði. Fólk er hætt að koma hingað til þess að kaupa kaðla og nætur en ég man að þegar ég var barn fór ég með afa mínum í Ellingsen en hann hafði nótagerð svona sem aukagetu. Ég var því ekki há í loftinu þegar ég kynntist Ellingsen fyrst,“ segir Helga Sverrisdóttir. „Við búum líka vel að því að vera með gott starfsfólk sem sumt hefur fylgt versluninni um áraradír. Þetta fólk þekkir sögu Ellingsen og er hafsþjór af fróðleik um bæði eldri og nýja tíma í sögu



Gömul mynd úr verslun Ellingsen.



Húsið í Hafnarstæti þar sem verslun Ellingsen var lengi til húsa. Þar er veitingastaðurinn Hornið nú og inn í vegg á veitingastaðnum er peningaskápur smíðaður í Bergen í Noregi frá tíma Ellingsen verslunarinnar.

verslunarinnar. Það er því mjög auðvelt fyrir viðskiptavinina að leita til þess auk þess sem sumt af því er sjálft útivistarfólk – þekkir hvað hentar hvort sem farið er á fjöll eða bara í sumarþéttina. Við leggjum allt upp úr að vera fjölskylduvæn.“ segir Helga.

Vonast til að hitta gamla og góða viðskiptavini á afmælisdaginn

En hvað á að gera í tilefni af afmælinu. „Við höfum verið að selja fótboltatrejjur í tilefni af EM

í knattspyrnu og það hefur verið erfitt að anna eftirspurninni,“ segir Helga. „Við verðum auðvitað með heitt á könnunni og vonumst til að sem flestir af föstum viðskiptavinum okkar líti inn. Ég veit að það verður mikið um að vera og fólk er farið erlendis – meðal annars á EM í Frakklandi en einhverjir verða vonandi eftir í bænum. Ég er full tilhlökkunar vegna þessara tímamóta og að fá vonandi tækifæri til þess að hitta gamla og góða viðskiptavini í gegnum tíðina.“

Aðalfundur framundan?

Heildarlausn í rekstri húsfélaga.



www.eignaumsjon.is
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.

Nýtt og betra grenndargámakerfi á höfuðborgarsvæðinu - auknir flokkunarmöguleikar

Nú er verið að taka í notkun nýja og stærri grenndargáma fyrir pappír og plast ásamt því að gámar fyrir gler hefur bæst við á margar stöðvar og mun þeim fjölga á næstu veimur árum.

Með bættu grenndargámakerfi eru fastir losunardagar á öllum stöðvum og tíðni losunar verður endurskoðuð með hliðsjón af notkun gámana.

Staðsetningar grenndarstöðvanna hafa ekki breyst.

Á öllum stöðvum eru gámar fyrir plastumbúðir og á flestum stöðvum er einnig hægt að skila



pappír, gleri, fatnaði og skilagjaldsskyldum umbúðum.

Lista yfir grenndargámastöðvar er að finna á sorpa.is.

16.-20. JÚNÍ

HELGAR-TILBOÐ

NÚ ER TÆKIFÆRI TIL AÐ FEGRA OG BÆTA!

FURA alhefluð og gagnvarin. 4,5m og styttra. 27x145mm.

295 kr./lm.

0058326
Almennt verð: 325 kr./lm.

fjölmörg tilboð!



FÓTBOLTAMARK
182x122x61 cm.

2.995 kr.

41118184

Almennt verð: 3.995 kr.

Einhell®

BÚTSÖG, TH-MS

11.755 kr.

74808295

Almennt verð: 16.795 kr.

-30%



-20%

ÖLL GASGRILL FRÁ
Broil King®



-20%

STIKLUR ACACIA
30x30cm beinar, 10stk.

3.945 kr.

0291479

Almennt verð: 4.935 kr.

GJØCO

PALLAOLÍA,
3l. ljósbrún og glær

2.495 kr.

80602501-2



HEKKKLIPPUR
600W

9.995 kr.


74830006

Almennt verð: 14.995 kr.

-33%

-25%

ALLIR GRILLFYLGI-
HLUTIR FRÁ



MARKÍSA
dökkgrá, 3,5x2,5m.

26.395 kr.

41624123

Almennt verð: 32.995 kr.

-20%

OUYAO

SLÁTTUVÉL,
2,6kW með drifi

39.995 kr.

53323140

Almennt verð: 49.999 kr.

-20%



25% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
GRÆNUM

BOSCH

ÖLL TILBOÐIN ERU Á WWW.BYKO.IS



LOKAÐ 17. JÚNÍ - HÆ HÓ OG JIBBÍJEI!

BYKO

GERUM PETTA SAMAN

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Tilboð gilda til og með 20.júní eða á meðan birgðir endast.

Ég heillaðist af þessum vatnagróðri

- segir Snorri Baldursson líffræðingur og rithöfundur sem sýndi ljósmyndir í Gallerí Vest nýverið og hyggur nú á bókskrif um íslenskt gróðurfar

„Já – ég hef góða nágranna,“ sagði Snorri Baldursson líffræðingur og rithöfundur þegar tíðindamaður leit til hans á Ásvallagötuna á dögnum. Þar átti hann við bræðurna og kaupmennina í Kjötborg þá Gunnar og Kristján Jónassyni en hann býr á hæðinni fyrir ofan þessa heiðursmenn sem sett hafa svip á Vesturbæinn um áratugi. Snorri hélt á dögnum ljósmyndasýningu í Gallerí Vest við Hagamel sem hann nefndi „Elocharis“ en það er ættkvíslarheiti vatnajurtarinnar vatnsnálar (*Eleocharis palustris*, á fræðimáli). Snorri hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki fræðiritra árið 2014 fyrir bók sína Lífríki Íslands – vistkerfi lands og sjávar. Bókina prýða um 150 ljósmyndir Snorra auk fjölda mynda annarra ljósmyndara. Snorri hefur starfað sem þjóðgarðsvörður í Vatnajökulspjóðgarði en er nú í leyfi frá því starfi. Hann vinnur að gerð annarrar bókar – bókar um Lakagíga sem hann segir að vonir standi til að komi út á þessu ári en vinnur einnig að verkefni fyrir Vatnajökulspjóðgarð við að koma garðinum á heimsmínjaskrá UNESCO.

Fyrst var Snorri spurður um ljósmyndunina. Er hún hluti af áhuga hans á náttúrunni og rannsóknunum hans á náttúru Íslands og skrifum um hana. Hann kveðst lengi hafa fengist við ljósmyndun þó með hléum. „Upp úr fermingu

eignaðist ég Pentax myndavél. Minnir að ég hafi keypt hana fyrir hluta af fermingarpeningunum. Ég tók mikið af myndum á hana en hún týndist í Breiðafirðinum í frægri bátsveltun sem varð í vísindaför 1978. Eftir það varð nokkurt hlé á ljósmynduninni en áhuginn var ávallt til staðar sem varð til þess að ég tók hana síðar upp aftur. Þegar ég fór að vinna að bókinni um lífríki Íslands á fyrsta áratugi aldarinnar fann ég fljótt að það vantaði myndefni og sá að ég gæti nýtt mér áhuga minn á myndatökunni og þá reynslu sem ég hafði við að mér í gegnum tíðina.“

Lítið fjallað um vistfræði þurrlendis á prenti

En hvað varð til þess að Snorri tók sér starfshlé og fór að vinna að þessari viðamiklu bók. „Ég var búinn að ganga nokkuð lengi með þessa hugmynd án þess að hafa fundið mér tækifæri til þess að koma henni í framkvæmd. Ég stundaði mastersnám í líffræði og vistfræði í Bandaríkjunum og fór síðan að kenna. Þá komst ég að því að lítið var um kennsluefni í þessum fræðum og þurfti að tína það saman héðan og þaðan. Þetta sýndi mér þörfina fyrir að taka saman á einn stað það helsta um lífríki og vistfræði Íslands en síðan varð ekkert úr þessu hjá mér. Þetta var um 1980 þannig að ég svaf á hugmyndinni í um aldarfjórðung. Upp úr aldamótunum sá ég

bækur sem höfðu verið skrifaðar um vistfræði bæði Færeyja og Grænlands en ekkert sambærilegt heildstætt verk var til um vistfræði Íslandi. Þá sá ég að ég yrði að láta reyna á þetta – hvort ég gæti komið þessari gömlu hugmynd minni í framkvæmd. Ég sótti um og fékk leyfi frá störfum hjá Náttúrufræðistofnun Íslands þar sem ég starfaði þá og hóf í framhaldi af því að safna saman gögnum um þetta efni. Ég komst fljótt að því að þó margt hafi verið skrifað um vatnalíf, gróðurfar og fugla, vantaði heildstæða umfjöllun um ýmis vistkerfi, einkum á þurrlendi. Ég var sex ár að vinna bókina. Þótt mér gengi nokkuð vel að fá styrki til verksins þá gat ég ekki unnið eingöngu við það og ýmis önnur verkefni kölluðu á. Bókin kom svo út á árinu 2014.“ Snorri viðurkennir að mikla vinnu hafi þurft að leggja í gerð bókarinnar og hann tók verulegan hluta af myndunum sjálfur. „Já – ég tók um 60% af öllum myndum í bókinni en eftirlét öðrum að annast mjög sérhæfðar myndatökur á borð við myndir sem teknar eru neðansjávar eða ofan í vötnum og af fuglum og skordýrum.“

Myndefnið af vatnagróðri

„Nei – sýningin í Gallerí Vest tengist ekki bókinni – ekki með beinum hætti og það eru ekki myndir úr henni sem ég var að sýna þótt myndefnið sé tengt. Ég hef verið búsettur austur í Skaftárhreppi undanfarið ár og heillaðist af skemmtilegum vatnagróðri sem ég fann þar í litlu vatni. Myndefni sýningarinnar er allt úr þessu litla vatni og myndirnar eru að mestu náttúrlegar þótt þeim sé aðeins rennt í gegnum photoshop myndvinnsluforrit til þess að skerpa liti þeirra svo þær taki sig betur út á stórum flekum á veggjum sýningarsalarins.“

Vatnajökulspjóðgarður á heimsmínjaskrá

Þótt Snorri sé í frii frá þjóðgarðsvörslu er hann í lausamennskustarfi á vegum Vatnajökulspjóðgarðs. „Já það er stefnt að því að koma þjóðgarðinum á heimsmínjaskrá UNESCO. Þetta er heilmikil vinna og vanda þarf vel til verka vegna þess að það fer ekki hvað blettur sem inn á þá skrá.“



Snorri Baldursson líffræðingur og rithöfundur.



Myndin er tekin af myndröð Snorra á sýningunni í Gallerí Vest.

Lögð verður sérstök áhersla á þá sérstöðu sem felst í því að hluti garðsins er á flekaskilum þar sem tvo fleka jarðskorpunnar rekur í sundur. Undir flekaskilunum er möttulstrókur sem dælir heitri kviku úr iðrum jarðar upp til yfirborðs og ofan á öllu saman er jökull sem reglulega bráðnar í eldsumbrotum. Og jökullinn hefur

auk þess verið að koma og fara í gegn um tíðina. Hvergi í heiminum fer allt þetta þrennt saman, þótt heitir reitir, flekaskil og jöklar finnist víða. Það er samspil þessara kerfa, elds, íss, vatns og andrúmslofts sem við leggjum áherslu á í tilnefningunni og fjölbreytilegar afurðir þess á yfirborði.“

Vesturbæjarblaðið

www.borgarblod.is



Ert þú í söluhugleiðingum?

Við erum til þjónustu reiðubúin -örugg fasteignaviðskipti



Heiðrún Björk Gísladóttir hdl.
Löggitur fasteigna- og skipasali



Björn Þorri Viktorsson hdl.
Löggitur fasteigna- og skipasali



Jóhann Örn B. Benediktsson
Skrifstofustjóri

Miðborg fasteignasala • Sundagarðar 2 • 104 Reykjavík • Sími 533 4800
www.midborg.is

FERSKUR FISKUR

DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30



Frábær opnum í BYKO á Granda

„Opnunin tókst frábærlega. Hingað voru allir mættir klukkan sjö á fimmtudagsmorgni og biðröðin náði út undir Íslandsbanka þegar mest var,“ segir Agnar Kárason verslunarstjóri í BYKO Fiskislóð en ný og endurbætt verslun BYKO var opnuð 21. maí en formleg opunarhátíð samtímis nýjum verslunum ELKO og Rúmfatalagersins á dögnum. „Viðtökurnar fóru fram úr okkar björtustu vonum og allur mannskapur hefur staðið sig frábærlega vel.“

Hin nýja verslun BYKO er nokkuð frábrugðin hinni eldri. Leitast hefur verið við að allar vörur séu sem aðgengilegastar fyrir viðskiptavininn og mun opnari en eldri verslun okkar og virðist hafa tekist vel þótt verslunin sé á minni gólfleti en hin eldri. „Við breyttum skipulagningunni nokkuð auk þess sem við erum einnig með verslun á útisvæði,“ segir Agnar þegar hann gengur með tíðindamanni um hina endursköpuðu verslun. Skipulagningin er væntanlega vísir að því sem við köllum framtíðarverslun og við leitumst við að sýna fólki á hvern hátt má gera ýmsa hluti heima fyrir. Áherslan



Guðmundur Bjarnason og Agnar Kárason verslunarstjóri í BYKO Granda.

hefur aðeins verið færð til og þá tekið mið af staðsetningu verslunarinnar hér á Grandanum. Við höfum verið að færa okkur nær þörfum heimilanna og því sem fólk er að sækjast eftir bæði þegar það er að vinna sjálft á heimilum sínum og eða fær iðnaðarmenn til verka. Við byggjum einnig á þeirri hugmynd að fólk finni til ákveðinnar upplifunar við að koma inn og fái hugmyndir um hvað það getur gert heima fyrir. En við höfum ekki lagt eldri

þjónustu sem einkum beindist að iðnaðarmönnum af og erum með timbur og lagnadeild eftir sem áður þótt heimilsvörudeildin sé nokkru fyrirferðameiri og sýnilegri en var í eldri versluninni. Þetta er einkum gert til þess að mæta kröfum íbúanna hér á svæðinu sem nær alveg að pósthúsi 105 og lengra.

Agnar kveðst bjartsýnn eftir þær viðtökur sem verslunin hefur fengið. „Grandinn er vaxandi menningar- og þjónustusvæði



Verslun BYKO á Granda.



Endurbætt verslun BYKO á Granda.

og fleira og fleira fólk leggur leið sína hingað. Fólk þarf heldur ekki að kvíða því að hitta ekki sama starfsfólkið og áður þegar það kemur í verslunina. Guðmundur, Skæringur og aðrir reynsluboltar eru hér áfram þótt við höfum

fært okkur aðeins til í húsinu og gefið versluninni nýtt yfirbragð.

Þessi eining BYKO, ELKO, Rúmfatalagerinn og Krónan er alveg gríðarlega sterkt verslunarsvæði með góðum nágrönnum og næg bilastæði segir Agnar að lokum.



ÁFRAM ÍSLAND



EM-TILBOÐ

Hamborgartilboð á Mímisbar á meðan EM 2016 er í gangi




Skrúður & Mímisbar

APOTEK

KITCHEN+BAR

ALVÖRU STEIKUR OG BORGARAR SEM ÞÚ ELDAR HEIMA!



Komdu við á APOTEK KITCHEN+BAR og taktu með þér úrvals steikur og hamburgara í grillveisluna.

STEIKUR

• Rib eye u.þ.b. 350g	5.900 kr./kg
• Nautalund u.þ.b. 250g	5.900 kr./kg
• Prime T-bone, 30 daga dry-aged, u.þ.b. 600g	8.900 kr./kg
• Prime NY strip steik, 30 daga dry-aged, u.þ.b. 450g	8.900 kr./kg
• Dry-aged rib eye, 60 daga, u.þ.b. 350g	13.900 kr./kg
• Prime rib eye, 280 daga kornföðrað, u.þ.b. 350g	9.900 kr./kg

HAMBORGARAPAKKINN

- Fjórir 175g Apotek borgarar úr sérvaldri rumpsteik og rifjum
 - Fjögur heimabökuð brioche-brauð
- 2.500 kr.

STEIKAR- OG HAMBORGARAPAKKINN

- Tvær nautalundir u.þ.b 250g/stk.
 - Tveir 175g Apotek borgarar úr sérvaldri rumpsteik og rifjum
 - Tvö heimabökuð brioche-brauð
- 4.500 kr.

Gott er að panta með dags fyrirvara í síma 551 0011 eða senda póst á apotek@apotekrestaurant.is. Einnig er hægt að prufa að hringja samdægurs ef upp kemur skyndileg grillpörf.

Bazaar nýr veitingastaður í JL húsinu

Miklar framkvæmdir hafa staðið yfir í heilt ár í JL húsinu og nú í maí opnuðu Oddsson hostel og veitingastaðurinn Bazaar dyr sínar fyrir gestum. Bazaar teygir sig eftir endilangri 1. hæð með kaffihúsi, bar og veitingastað sem mætir ólíkum þörfum gesta yfir daginn. Kaffihúsið hefur á boðstólum kaffi frá Kaffitár, heilsusamlega smoothies og gómsætt bakkelsi frá 7:00 á morgnana og fram að kvöldi.

Aðstaðan er frábær hvort sem gestir mæla sér mót við vini eða viðskiptafélaga eða eru að leita eftir friði til að vinna með fartölvu eða einfaldlega til að njóta útsýnis yfir Esjuna yfir kaffibolla í amstri dagsins.

Matur og vín á heimsmaelikvarða

Undir áhrifum matargerðar frá Miðjarðarhafinu býður Bazaar gestum upp á girnilegan Bistro matseðil í hádeginu og glæsilegan kvöldseðil þegar líður á daginn. Ekta ítalskar pizzur, heimager pasta og hamburgari með truffle frönskum er þar m.a. að finna. Hinn margreyndi landsliðskokkur, Eyþór Rúnarsson er enginn aukvissi þegar kemur að matargerð og vinnur hann jöfnum höndum að elda úr fiski, kjöti og grænmeti. Eyþór hefur viðtæka reynslu bæði hérlendis og frá Michelin stöðum í Danmörku og fór fyrir kokkalandslíðinu um árabíl. Eyþór var yfirmatreiðslumaður á Gló áður en hann gekk til liðs við Bazaar, hann er því á heimavelli þegar kemur að grænmetisréttum og hollustu. Bazaar státar af góðu úrvali vína þar sem er að finna sjaldgæf vín í bland við margrómuð verðlaunavin frá Ítalíu.

Lifandi tónlist og Karaoke

Á sólardögum er tilvalið að setjast á pallinn í portinu hvort sem er í mat eða kaffi. Að sögn Guðjóns Þórs Guðmundssonar, framkvæmdastjóra Bazaars, hefur verið ánægjulegt að sjá bæði Vesturbæinga sem og aðra gesti, unga sem aldna, koma til að sjá þá andlitslyftingu sem gerð hefur verið á stað sem allir Reykvikingar þekkja vel. "Fyrstu vikurnar hafa sýnt það að JL húsið þjónar enn í dag breiðum hópi viðskiptavina eins og það hefur gert í áratugi."

Alla daga á milli klukkan 16 og 18 er "Happy hour" á barnum en hann er brú á milli kaffihússins og veitingastaðarins. Á fimmtudags-



kvöldum er alltaf lifandi tónlist og barþjónar hrista framandi kokteila öll kvöld. Fyrir þá sem vilja þenja eigin raddbönd þá er hægt að taka Karaoke herbergið á leigu bæði fyrir smáa sem stóra hópa.

Brunch um helgar

Um helgar bregður Bazaar sér

í annan búning og framreiðir brunch á milli 11.30 og 15:00 bæði laugardaga og sunnudaga. Þá er hægt að gera sér steik með bernaise að góðu, glæsilega eggjarétti og ef gestir vilja eitt-hvað sætara, að fá sér klassískar amerískar pönnukökur með hlinsýrópi.

Guðjón Ingi skrifar og gefur út bók um Lars Lagerbäck

Lars Lagerbäck og íslenskan landsliðið heitir nýtkomin bók eftir Guðjón Inga Eiríksson. Í henni er rakinn ferill hins sænska landsliðsþjálfara Íslands áður en hann tók við landsliðsþjálfarastarfi Íslands, fjallað um aðdragandann að ráðningu hans hingað til lands og um samstarf og verkaskiptingu hans og Heimis Hallgrímssonar, uppbyggingu blaðamanna- og liðsfunda þeirra og farið yfir alla landsleiki Íslands, allt frá því að þeir tóku þar við stjórn og fram að þeim síðustu.

Er þá fátt upp talið, en bókin er í senn bæði skemmtileg og fræðandi.

Formála að bókinni ritar Dagur Sigurðsson, þjálfari þýska karlalandsliðsins í handbolta, sem varð Evrópumeistari undir hans stjórn í janúar síðastliðnum. Þar kemur hann m.a. inn á hugarfar sigurvegarans og ættu allir sem tengjast íþróttum og fyrirtækjarekstri að lesa það sem hann hefur fram að færa – vilji þeir á annað borð vera í sigurlíði. Það er Bókautgáfan Hólar í Breiðholti sem gefur bókina út.



Kápa bókar Guðjóns Inga um Lars Lagerbäck.

Miklar breytingar við Hverfisgötu

Samkvæmt nýju deiliskipulagi sem borgarráð hefur nýverið samþykkt breytist ásynð Laugavegar litið en talsverðar breytingar verða á byggðinni við Hverfisgötu sem samræmd verður byggingum í nágrenninu. Á reitnum mun rísa blönduð byggð íbúða og atvinnuhúsnæðis með göngugötum sem tengja Laugaveg, Hverfisgötu og Klapparstíg. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Reykjavíkurborg.

Brynjureitur markast af Laugavegi, Vatnsstíg, Hverfisgötu og Klapparstíg, en deiliskipulagi verður breytt á hluta reitsins sem tekur yfir Hverfisgötu 40 til 44, Klapparstíg 31 og Laugaveg 23, 27A og 27B. Allur reiturinn sem deiliskipulagið nær til er 7.436 fermetrar að stærð en breytingin á reitnum nær til 2.670 fermetra. Deiliskipulagstillagan á reitnum var auglýst frá 21. nóvember 2012 til og með 4. janúar 2013 og bærust tvö athugasemdabréf. Tillagan var samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði 16. janúar 2013.

Samfellt yfirbragð

Á Brynjureit verður gert ráð fyrir nýbyggingum að Hverfisgötu 40, 42 og 44 og einnig að byggt verði á baklóðum. Yfirbragð reitsins við Hverfisgötu verður nokkuð samfellt og götumyndin styrkist mikið. Nýbyggingar við götuna eiga að taka mið af nærliggjandi húsum. Ásynð Laugavegs breytist ekki, en húsið sem stendur við Laugaveg 23 verður gert upp en húsið var friðað með nýjum lögum um menningarminjar 1. janúar 2013. Í fyrri deiliskipulagstillögu var áformað að flytja það eða rífa.

Sex metra breið göngugata

Allt að sex metra breið göngugata verður fyrir miðju reitsins

og tengir saman Laugaveg og Hverfisgötu. Aðkoma frá Laugavegi verður á milli Laugavegs 25 – 27 en tenging við Hverfisgötu verður í gegnum Hverfisgötu 42 með lyftu og stiga-kjarna. Einnig verður aðkoma að göngugötunni frá Klapparstíg, á milli Klapparstígs 29 og 31 og

myndast þannig göngutengsl að Hljómalindarreit. Lágmarksbreidd þess stígs verður 3.5 metri. Er gert ráð fyrir að meðfram göngugötunni verði verslunar-, atvinnu- og þjónustuhúsnæði á jarðhæð. Göngugötunni verður lokað á næturnar.



Nú er verið að rífa gömul bakhús á lóðunum á milli Hverfisgötu og Laugavegar austan Klapparstígs eða á svokölluðum Brynjureit. Einnig er áformað að rífa hús við Hverfisgötu. Þessi hús eru börn síns tíma sum byggð úr kassafjöllum og algerlega ónýtt. Búið hefur þó verið í flestum þeirra fram undir þetta. Sum þeirra urðu hústökufólki að bráð á lokakafla lífs sína. Þegar vinnuvél hóf að brjóta húsin niður kom í ljós og búslóðir og jafnvel fatnaður höfði verið skilin eftir í sumum þeirra.

Nói Síríus kynnir:

Nóa
Lakkrís

Síríus
Rjómasúkkulaði



EINSTÖK ÁSTARSAGA

Þegar tvær íslenskar hetjur sameinast gerist eitthvað stórkostlegt.

Nóa Lakkrís er ekta íslenskur lakkrís. Hann er sætur og kröftugur í senn. Hann er lungamjúkur, með djúpu lakkrísbragði og ánísundirtóni, sem tryggir þér alveg einstaka bragðupplifun. Síríus súkkulaði þekkjá Íslendingar vel og hafa átt í ástarsambandi við um árabil. Hið silkimjúka Síríus rjómasúkkulaði bráðnar uppi í þér og í Nóa Rjómaperlum umlykur það mjúkan lakkrísinn, sem er einmitt þróaður til að fara einstaklega vel með súkkulaði. Saman mynda Nóa Lakkrís og Síríus rjómasúkkulaði einstakt par sem þú átt hreinlega eftir að elska.

NÚ Í VERSLUNUM NÁLÆGT ÞÉR

NÓA
Lakkrís
Réttu bragðið

coCoa
HORIZONS

Sjálfbærni - Samfélagsábyrgð



Gerðu
góðverk
í dag

907 2002

Hjálparstarf
kirkjunnar
www.help.is

„TÆKIFÆRIÐ ER NÚNA.“

Alfreð Finnbogason,
landslíðsmaður í knattspyrnu.

Alfreð Finnbogason
21

ALLTAF AÐ ÆFA. ALLTAF AÐ KEPPA. ALLTAF AÐ SANNA MIG.

Það eru margir þættir sem stuðla að því að einstaklingar og lið ná að skipa sér í fremstu röð. Kjarkur, dugur og þor eru þar á meðal. Það hjálpar líka alltaf að taka Lýsi.



LEYNIVORÐN ÞJÓÐARINNAR

LEYNIVORÐN.IS

Handknattleiksdeild KR

Ágúst Jóhannsson ráðinn þjálfari meistaraflokks

-nýr liðsmenn hjá KR

Ágúst Þór Jóhannsson hefur verið ráðinn sem þjálfari meistaraflokks karla í handknattleik hjá KR en auk þess mun Ágúst starfa sem yfirþjálfari yngri flokka handknattleiksdeildarinnar.

Allir sem koma að málum hjá handknattleiksdeild KR eru afar spenntir fyrir samstarfinu við Ágúst. Segja má að þjálfarinn sé kominn heim á ný en Ágúst er uppalinn KR-ingur og lék fjölmarga leiki fyrir félagið í handknattleik, bæði í yngri flokkum og meistaraflokki, ásamt því að kynna þjálfun hjá félaginu. Ágúst hefur gríðarlega reynslu sem þjálfari og mun koma hans án efa verða félaginu mikil lyftistöng.

Nýjir leikmenn

Nokkrir nýir liðsmenn hafa bæst í raðir Handknattleiksdeildar KR á þessu vori. Arnar Jón Agnarsson hefur undirritað tveggja ára samning við handknattleiksdeild KR. Arnar Jón þarf vart að kynna fyrir KR-ingum enda hefur hann verið í félaginu sl. fjögur ár bæði sem þjálfari og leikmaður. Arnar Jón býr yfir geysilega mikilli reynslu sem leikmaður og hefur komið víða við. Arnar Jón, sem er uppalinn hjá Breiðabliki hefur meðal annars leikið í Noregi og svo með Stjórnumni, Haukum og KR hér á landi.

Sigurbjörn Markússon

Handknattleiksdeild KR hefur náð samkomulagi við Sigurbjörn Markússon, en hann hefur gert tveggja ára samning við KR. Sigurbjörn er 19 ára og uppalinn KR-ingur. Hann spilar sem línumaður og er einnig mjög góður varnarmaður. Sigurbjörn er framtíðarleikmaður hjá



Ágúst Þór Jóhannsson ásamt Björgvini Frey Vilhjálmssyni, formanni handknattleiksdeildar KR.

KR og hefur verið viðloðandi unglíngalandslið Íslands.

Friðgeir Elí og Þórir Jökull

Tveir nýir leikmenn munu bætast við leikmannahóp félagsins fyrir komandi keppnistímabil. Þeir Friðgeir Elí Jónasson og Þórir Jökull Finnbogason hafa báðir gert tveggja ára samning við handknattleiksdeild KR.

Friðgeir Elí sem er 28 ára lék síðast með Gróttu en hefur einnig leikið með Fram. Hann er örventur hornamaður sem getur einnig leikið sem skytta. Friðgeir hefur leikið rúmlega 100 leiki í meistaraflokki og á eftir að nýttast liðinu vel. Þórir Jökull er einnig 28 ára gamall og hefur leikið allan sinn feril með Gróttu að

undanskildu einu keppnistímabili þar sem hann lék með Molde í Noregi. Þórir Jökull getur bæði leikið sem skytta og hornamaður og er gríðarlega útsjónarsamur leikmaður. Þórir Jökull býr yfir mikilli reynslu en hann hefur leikið tæplega 200 leiki í meistaraflokki.

Enn bætist í hópinn

Handknattleiksdeild KR hefur náð samkomulagi við Hrafn Valdísarson, en hann hefur gert tveggja ára samning við KR. Hrafn er 22 ára og spilar stöðu markmanns. Hrafn er uppalinn Stjórnumaður, en spilaði með KR á síðasta tímabili. Hrafn var fyrirliði félagsins og er mjög mikilvægur hlekkur í framtíðaruppbyggingu KR.

Körfuknattleiksdeild KR

Sigurður Þorvaldsson genginn í KR

KR hefur gengið frá tveggja ára samningi við framherjann Sigurð Þorvaldsson.

Sigurður hefur leikið undanfarin ár með Snæfelli og vann þar einn Íslandsmeistararitil og tvo bikarmeistararitla. Sigurður skoraði 14

stig og tók 6 fráköst að meðaltali á leik á síðasta keppnistímabili. Hann hefur leikið fjölda landsleikja með A-landsliði Íslands og yngri landsliðum. Við þjóðum Sigurð hjartanlega velkominn í Vesturbæinn.



Sigurður Þorvaldsson.

Handboltaskóli KR í ágúst

Handknattleiksdeild KR mun bjóða upp á veglegan Handboltaskóla nú í ágúst fyrir börn fædd 2004 til 2010. Allir eru velkomnir í skólann og byrjendur hvattir sérstaklega til að mæta. Námskeiðið hefst 8. ágúst og verður krökkum skipt upp eftir aldri til að koma til móts við þarfir allra.

Áhersla verður lögð á tækniæfingar bæði út frá varnar- og sóknarleik. Einnig á skot- og gabbhreyfingar, leiki og spil. Brjáluð skemmtun allan tímann þar sem allir eiga finna eitthvað við

sitt hæfi, segir í frétt frá KR. Grillveisla verður haldin í lok námskeiðsins þann 19. ágúst þar sem öllum þátttakendum er boðið. Æfingarnar fara fram á milli kl. 09.00 og 12.00 og boðið verður upp á barnagæslu frá kl. 08.30. Skólastjóri námskeiðsins verður Ágúst Jóhannsson, þjálfari mfl. karla og fyrrverandi landsliðsþjálfari. Þjálfarar á námskeiðinu verða þjálfarar yngri flokka félagsins og þeim til aðstoðar verða leikmenn meistaraflokks karla. Hvor vika kostar fimm þúsund krónur eða báðar tíu þúsund.

KR-SÍÐAN



GETRAUNANÚMER
KR ER 107

Er ferðavagninn rafmagnslaus?

Þú getur treyst á TUDOR



Fristunda rafgeymar í miklu úrvali,
AGM þurr rafgeymar eða lokaðir sýrurafgeymar.

TUDOR SKORRI TUDOR
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bildshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is



Geirsgata 1 · Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

Graenir SKÁTAR

– gefðu okkur tækifæri!

Söfnunarkassar í Vesturbænum eru m.a. við:
Sundlaugina • Shell • Skátaheimili



STEINVARI

Útimálning fyrir íslenskt veðurfar

Steinvari er öflug varnarlína gegn íslensku veðri, afrakstur þrotlausra rannsókna og þróunar í áratugi. Láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig í valinu á útimálningu.

Steinvari – íslensk varnarlína í útimálningu

málning
- sérfræðingar í útimálningu -

Útsöluastaðir Málningar: BYKO, Kópavogi • BYKO, Granda • Litaver, Grensásvegi • BAUHAUS • Vélsmiðja Árna Jónssonar, Hellissandi • Málningarbúðin, Ísafirði Vilhelm Guðbjartsson málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO, Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • BYKO, Reyðarfirði ORMSSON VÍK, Egilsstöðum • Verslunin PAN, Neskaupstað • BYKO, Selfossi • Miðstöðin, Vestmannaeyjum • BYKO, Keflavík • N1 verslun, Grindavík